

## Byggðakvóti fiskveiðíárið 2020/2021 í Súðavík.

Eftirfarandi sérreglur gilda fyrir úthlutun byggðakvóta í Súðavík fyrir kvótaárið 2020/2021.

1. Eingöngu bátar/skip skráð í Súðavík, eigi síðar en 1. júlí 2019, eiga þess kost að veiða byggðakvóta sem úthlutað er til Súðavíkurhrepps fyrir kvótaárið 2021 (1. september 2020 til 31. ágúst 2021). Skip innan sömu útgerðar/fyrirtækis, sem er með fleiri en eitt skip eiga kost á að veiða byggðarkvóta sbr. reglugerð 676/2019. Víkja má frá þessu vegna skipa sem eru í eigu útgerðar /fyrirtækis með aðsetur í Súðavíkurhreppi sem fari með vinnslusamning vegna vinnslu á svæðinu.
2. Skip sem veiða byggðakvóta Súðavíkurhrepps skulu hafa gildan vinnslusamning við fyrirtæki á svæðinu og uppfylla þau skilyrði að öðru leyti svo sem reglugerð 676/2019 kveður á um. Öllum aflu, byggðakvóta og mótframlagi hvers og eins, verður landað til Íslandssögu hf., sem kaupir allan landaðan byggðakvóta Súðavíkurhrepps ásamt mótframlagi.<sup>1</sup>
3. Öllum byggðarkvóta og andlagi (mótframlagi) skal landað í Súðavíkurhöfn og þar fylgt reglum um sérmerkingu og tilgreiningu byggðarkvóta. Undandtekning skal frá löndunarskyldu vegna *force majeure* atvika, s.s. vegna bilunar eða hættuástands, til einstaka löndunar utan Súðavíkurhafnar til Íslandssögu. Viðkomandi ber að gera grein fyrir því svo fljótt sem við verður komið á meðan vinnslusamningur er í gildi.
4. Byggðarkvóti úthlutast „**tonn á móti tonni**“ og sá sem fær úthlutun skal tryggja að fyrir hvert úthlutað þorskígildistönn komi mótframlag, jafn mikið og landað í móti innan sama fiskveiðíárs. Einungis skal heimilt að útfæra eftir sérreglum sem gilda gagnvart bátum á strandveiðum og frístundabátum.
5. Eftirfarandi skipting byggðakvóta Súðavíkurhrepps skal vera fyrir fiskveiðíárið 1. september 2020 – 31. ágúst 2021 (105 tonn úthlutuð og 120 óveidd frá fyrra tímabili, alls 225 þorskígildistönn):
  - a. Flokkur frístundabáta að hámarki **65** tonn.
  - b. Krókabátar skráðir í Súðavík 1. júlí 2019 fái **75** tonn, en aukningu verði afgangur milli ára.
  - c. Skip, 100-200 brl. fái til úthlutnar **85** þorskígildistönn, skip skráð í Súðavíkurhreppi 1. júlí 2019 eða gert út af fyrirtæki með aðsetur í Súðavík eða tengdum aðila. Útgerð er heimilt að leggja til skip vegna veiða úr þessum flokki sbr. samsvarand ákvæði í reglugerð nr. 676/2019. Skip útgerðar skulu skráð í Súðavík ekki síðar en 1. mars 2020 eða vera tengd aðila með vinnslusaming samkvæmt framangreindum reglum um skip innan útgerðar. Skip skulu uppfylla skilyrði sbr. a. og c. lið 1. gr. reglugerðar nr. 676/2019 en ekki er gerð krafa um veiðireynslu í þessum flokki.

Þannig gert í Súðavík,

8. janúar 2021.

  
Bragi Þórðursson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

<sup>1</sup> Íslandssaga/Norðureyri og Vestfiskur eru tengdir aðilar um vinnslu.

## **Greinargerð með byggðakvótareglum fyrir Súðavíkurhrepp fyrir fiskveiðíárið 2020/2021**

Fá skip eru skráð í Súðavíkurhreppi í dag, en nokkrir krókabátar og hátt í 20 frístundaveiðibátar. Skipting byggðakvóta tekur mið af þeim sem hér róa og er úthlutun í þremur flokkum.

Skiptingu er að finna í lið 5 í þremur stafliðum í úthlutunarreglum Súðavíkuhrrepps;

- a. Flokkur frístundabáta – frístundabáta er ekki getið í þeirri reglugerð sem vitnað er til en þeir skilgreindir hér. Afli frá frístundabátum hefur verið lagður upp hjá þeim aðila sem heldur utan um vinnslusamning og eru þar af leiðandi innan kerfisins hér. Það er ágreiningslaust og hefur verið undanfarin ár.
- b. Krókabátar skráðir í Súðavík 1. júli 2019 er heimaflotinn og þeir sem hafa lagt hér upp. Þetta er óbreytt og ætla má að sami fjöldi muni veiða í þessum flokki og síðastliðið ár. Þessum flokki er ætluð öll aukning vegna þess sem eftir stendur eftir árið, þ.e. í lok fiskveiðiársins.
- c. Í þessum flokki eru skip 100-200 brl. Um er að ræða skip í eigu vinnslusamningsaðila og hefur viðkomandi yfir að ráða skipi sem skráð er í Súðavík. Ef fleiri koma inn í þennan flokk gilda um allt sömu reglur og því flokkurinn opinn að þessu leyti, en tekið verður tillit til skráningar frá ári til árs.

Það er að sjálfsögðu eitt markmið í þessari tillögu að allur afli komi að bryggju og í gegnum vinnsluaðila á svæðinu. Það ætti að lánast ef vel er á haldið og mun auðvelda vinnslu og vera til hagsældar fyrir þá sem koma að viðkomandi flokki. Að sama skapi ætti að fást aukning í tekjum hafnarinnar og meiri fyrirsjánleiki ef allt gengur upp.

Þannig gert í Súðavík,  
15. janúar 2021

  
Bragi Þór Thoroddsen  
Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.